

Friðrik V í 100 ára hús

Vinexpo

WSET og vínskóli vínbúðanna

Mest seldu vínin 2006

Hvað drekkur þjóðin í dag?

Afgreiðslutími

VÍNBUÐA



Höfuðborgarsvæðið

Garðabær, Garðatorgi 7	555 6525
Hafnarfjörður, Fjarðargötu 13–15	565 2222
Kópavogur, Dalvegi 2	564 5070
Kópavogur, Smáralind Hagasmári 1	544 2112
Mosfellsbær, Þverholti 2	586 8150
Reykjavík, Austurstræti 10a	562 6511
Reykjavík, Heiðrún Stuðlahálsi 2	560 7720
Reykjavík, Kringlan Kringlunni 4–12	568 9060
Reykjavík, Skeifunni 5	588 3100
Reykjavík, Spöngin Spönginni 31	586 1617
Reykjavík, Stekkjarbakka 6	567 0400
Seltjarnarnes, Eiðistorgi 11	561 1800

mán – fim 11 – 18	fös 11 – 19	lau 11 – 18
mán – fim 11 – 18	fös 11 – 19	lau 11 – 18
mán – fös 9 – 20	lau 11 – 18	
mán – fim 11 – 18	fös 11 – 19	lau 11 – 18
mán – fim 11 – 18	fös 11 – 19	lau 11 – 18
mán – fim 11 – 18	fös 11 – 19	lau 11 – 18
mán – fim 11 – 18	fös 11 – 19	lau 11 – 18
mán – fim 11 – 18	fös 11 – 19	lau 11 – 18
mán – fös 9 – 20	lau 11 – 18	
mán – fim 11 – 18	fös 11 – 19	lau 11 – 18
mán – fim 11 – 18	fös 11 – 19	lau 11 – 18
mán – fim 11 – 18	fös 11 – 19	lau 11 – 18

Landsbyggðin

Akranes, Þjóðbraut 13	431 2933
Akureyri, Hólabraut 16	462 1655
Blönduós, Aðalgötu 8	452 4501
Borgarnes, Borgarbraut 58–60	431 3858
Búðardal, Vesturbraut 15	434 1303
Dalvík, Hafnarbraut 7	466 3430
Djúpavogur, Búlandi 1	478 8270
Egilsstöðum, Miðvangi 2–4	471 2151
Fáskrúðsfjörður, Búðavegi 35	475 1530
Grindavík, Víkurbraut 62	426 8787
Grundarfjörður, Hrannarstíg 3	438 6994
Hella, Suðurlandsvegi 1	585 7587
Hólmavík, Höfðatúni 4	455 3110
Húsavík, Túngötu 1	464 2230
Hvammstangi, Höfðabraut 6	455 2321
Hveragerði, Breiðamörk 1	483 4242
Hvolsvöllur, Austurvegi 3	487 7797
Höfn, Vesturbraut 1	478 1977
Ísafjörður, Aðalstræti 20	456 3455
Keflavík, Hafnargötu 51–55	421 5699
Kirkjubæjarklaustur, Skaftárskála	487 4628
Neskaupstaður, Hafnarbraut 6	477 1890
Ólafsvík, Mýrarholti 12	436 1226
Patreksfjörður, Þórsötu 10	456 1177
Reyðarfjörður, Hafnargötu 2	474 1406
Sauðárkrúkur, Smáragrund 2	453 5990
Selfoss, Vallholti 19	482 2011
Seyðisfjörður, Hafnargötu 2	472 1700
Siglufjörður, Eyrargötu 25	467 1262
Stykkishólmur, Aðalgata 24	430 1414
Þorlákshöfn, Selvogsbraut 4	483 3585
Þórshöfn, Langanesvegi 2	468 1106
Vestmannaeyjar, Strandvegi 50	481 1301
Vík, Austurvegur 18	487 5730
Vopnafiörður, Hafnarbyggð 4	473 1403

Sumartími: júní til ágúst	mán – fim 11 – 18	fös 11 – 19	lau 11 – 14
Vetrartími: september til maí	mán – fim 12:30 – 18	fös 11 – 19	lau 11 – 14
mán – fim 11 – 18	fös 11 – 19	lau 11 – 16	
mán – fim 14 – 18	fös 14 – 19		
mán – fim 11 – 18	fös 11 – 19	lau 11 – 16	
mán – fim 17 – 18	fös 16 – 18		
Sumartími: júní til ágúst	mán – fim 11 – 18	fös 11 – 19	lau 11 – 14
Vetrartími: september til maí	mán – fim 13 – 18	fös 11 – 19	
mán – fim 17 – 18	fös 16 – 18		
Sumartími: júní til ágúst	mán – fim 11 – 18	fös 11 – 19	lau 11 – 14
Vetrartími: september til maí	mán – fim 12:30 – 18	fös 11 – 19	lau 11 – 14
mán – fim 17 – 18	fös 16 – 18		
mán – fös 14 – 18			
mán – fim 17 – 18	fös 16 – 18		
mán – fim 14 – 18	fös 14 – 19		
mán – fim 17 – 18	fös 16 – 18		
Sumartími: júní til ágúst	mán – fim 11 – 18	fös 11 – 19	lau 11 – 14
Vetrartími: september til maí	mán – fim 14 – 18	fös 14 – 19	
mán – fim 17 – 18	fös 16 – 18		
mán – fim 14 – 18	fös 14 – 19	lau 11 – 16	
Sumartími: júní til ágúst	mán – fim 11 – 18	fös 11 – 19	lau 11 – 16
Vetrartími: september til maí	mán – fim 12:30 – 18	fös 11 – 19	lau 11 – 14
mán – fim 11 – 18	fös 11 – 19	lau 11 – 16	
mán – fim 17 – 18	fös 16 – 18		
mán – fös 14 – 18			
mán – fim 13 – 18	fös 10 – 18		
mán – fim 14 – 18	fös 14 – 19	lau 11 – 14	
Sumartími: júní til ágúst	mán – fim 11 – 18	fös 11 – 19	lau 11 – 14
Vetrartími: september til maí	mán – fim 12:30 – 18	fös 11 – 19	lau 11 – 14
mán – fim 11 – 18	fös 11 – 19	lau 11 – 16	
mán – fim 17 – 18	fös 16 – 18		
mán – fim 13 – 18	fös 11 – 19		
mán – fim 14 – 18	fös 14 – 19	lau 11 – 14	
mán – fim 17 – 18	fös 16 – 18		
mán – fim 17 – 18	fös 16 – 18		
Sumartími: júní til ágúst	mán – fim 11 – 18	fös 11 – 19	lau 11 – 14
Vetrartími: september til maí	mán – fim 12:30 – 18	fös 11 – 19	lau 11 – 14
mán – fim 17 – 18	fös 16 – 18		
mán – fim 17 – 18	fös 16 – 18		

EFNISYFIRLIT

Friðrik V í hundrað ára hús!	3
Expo	7
Grillað á góðviðrisdegi	8
Vínskóli vínbúðanna og WSET	9
Pantaðu vínið þitt	9
Tvær nýjar vínbúðir	10
Hvað drekka Íslendingar	11
Mest seldu vínin 2006	12

VÖRUSKRÁ

Vöruskrá	
Rauðvín	14
Hvítvín	36
Sætvín	48
Rósavín	49
Freyðivín	50
Líkjörvín	52
Sterkt áfengi	56
Brandí, Cognac	56
Hratbrandí, Ávaxtabrandí	57
Viskí	58
Romm, Tekíla	59
Vodka, Gin	60
Sénever, Akvavit, Anís, Snafs	61
Kryddromm, Skot, Sake	62
Annað áfengi undir 15%, Bjór	63
Kassavín	64
Óáfengt	69
Gjafavara	71
Bjórkuðar	71
Viðurkennd lífræn vottun	72
Vörur í stafrófsröð	74
Matartákn	88

Vínblaðið, 2. tbl. 5. árg. ágúst 2007
Útgefandi: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, ÁTVR
Ábyrgðarmaður: Ívar J. Arndal
Ritstjóri: Gissur Kristinsson
Ritstjórn: Skúli Þór Magnússon, Jóna Grétarsdóttir,
Guðfinna Ásta Birgisdóttir, Bára Rós Björnsdóttir,
Jason Steinþórsson
Samantekt á vöruskrá: Skúli Þór Magnússon
Hönnun, umbrot og prentun: Oddi ehf. / P07.04.025

ISSN-1670-7532

Öll verð og verðbreytingar birtast í vörulista á heimasíðu ÁTVR, www.vinbud.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur. Áskilinn er réttur til leiðréttinga.

SKEIFAN OG
DALVEGUR

9-20

MÁN - FÖS



Friðrik V í hundrað ára hús!

Texti og myndir

Jóhann Ólafur Halldórsson
blaðamaður hjá Athygli

Einn þekktasti veitingastaður landsins, Friðrik V á Akureyri, opnaði í júlímánuði í nýjum húsakynnum við Kaupvangsstræti á Akureyri. Að sönnu eru það alltaf tíðindi þegar veitingastaðir opna í nýjum og rúmbetri húsakynnum en í þessu tilfelli er húsið sjálft hundrað ára gamalt og þar hefur ekki verið reglubundin starfsemi í rúmleg þrjá áratugi! Húsið er því með mikla sál og langa sögu að baki og hefur nú fengið nýtt og verðugt hlutverk eftir miklar endurbætur.

Kaupvangsstræti 6 var byggt árið 1907 sem sláturhús Kaupfélags Eyfirðinga og hýsti síðar fjölbætta iðnaðarstarfsemi félagsins. Þar var á 20. öldinni mjólkursamlag, kaffibrennsla, gosdrykkjaverksmiðja, verslun, bögglageymsla og fleira. Í húsinu má segja að hafi verið lagður grunnur að þeirri viðamiklu atvinnustarfsemi sem Kaupfélag Eyfirðinga er sem þekktast fyrir í atvinnusögu Akureyrar, Eyjafjarðar og raunar landsins alls.

Um miðjan síðastliðinn vetur gerðu eigendur Friðriks V og KEA samning um endurbyggingu hússins en það hefur alla tíð verið í eigu KEA. Gerður var langtíma leigusamningur um húsið og ráðist í viðamiklar endurbætur innan sem utan húss. Markmiðið var að færa húsið sem næst upphaflegu útliti og lögðu Friðrik V. Karlsson og Arnrunn

Magnúsdóttir, eigendur Friðriks V, mikla áherslu á að laða sem best fram í innréttingum hússins anda liðinna ára í bland við nýttísku innan-hússhönnun. Til þess verks var ráðin Fanney Hauksdóttir, arkitekt á Akureyri og henni til fulltingis í innanhússhönnun var Margrét Jónsdóttir, leirlistakona.

Framkvæmdir hófust þann 6. mars í umsjón P. Alfreðssonar ehf. og tók veitingastaðurinn Friðrik V til starfa í húsinu þann 12. júlí. Í húsinu er 70 manna veislusalur, rúmgóður bar, vel búið og rúmgott eldhús og 65 manna veitingasalur. Á jarðhæð hússins var síðan opnuð í lok júlí „Delicatessen“ sælkeraverslun sem byggir á sömu hugmyndafræði og veitingastaðurinn Friðrik V hefur skapað sér orðspor fyrir, þ.e. áherslu á svæðisbundið hráefni. Í versluninni er á boðstólum bæði hráefni og unnin matvæli, sérframleiddar vörur fyrir Friðrik V og síðast en ekki síst munu viðskiptavinir fá sérfræðiráðleggingar Friðriks Vals og matreiðslumanna hans um hvaðeina sem þá fýsir að vita varðandi matreiðslu hins rómaða eyfirska hráefnis.

Með öðrum orðum er nú í Kaupvangsstræti 6 á Akureyri heimur fróðleiks og ljúffengra eyfirska rétta – og minningarbrot í máli og myndum frá iðnaðarstarfsemi sem fór fram í húsinu á árum áður.



„Viljum að hér upplifi fólk eitthvað nýtt í mat, drykk og þjónustu“

- segja Friðrik og Arnrún, eigendur veitingastaðarins Friðriks V á Akureyri

„Strax og við opnuðum Friðrik V árið 2001 lögðum við áherslu á að bjóða matseðil með hráefni héðan af svæðinu. Ef eitthvað var þá kom okkur á óvart hversu auðvelt það var og með árunum hefur þetta orðið enn auðveldara. Ekki síst vegna þess að hér á Eyjafjarðarsvæðinu erum við með frábært hráefni frá framleiðendum og við finnum fyrir sífellt meiri áhuga á að þessari eyfirsku áherslu. Erlendir gestir okkar eru mjög glaðir að fá áherslu í matseðlinum á svæðisbundinn mat og innlendir gestir eru að vakna til mun meiri áhuga en áður var á hráefni og bakgrunn réttanna okkar. Við erum því lánsöm að geta samtvinnað áhuga okkar á svæðisbundinni matarmenningu við starfið þannig að viðskiptavinirnir okkar verði ánægðir,“ segja hin framtakssömu hjón Friðrik V. Karlsson og Arnrún Magnúsdóttir, eigendur veitingastaðarins Friðriks V á Akureyri. Staðurinn hefur á aðeins sex árum fengið verðskuldaða athygli bæði hérlendis og erlendis, enda valinn einn af 100 athyglisverðustu í svæðisbundinni matarmenningu innan „Slow Food“ samtakanna á síðasta ári.

Réttum sex árum eftir að Friðrik V tók til starfa flutti starfsemin nú í júlí í endurbyggt hús við Kaupvangsstræti í miðbæ Akureyrar. Þar er mun rýmra um starfsemina en áður var og þjónustan viðtækari, ekki síst með tilkomu sælkeraverslunar þar sem Friðrik ætlar að leggja áherslu á svæðisbundið hráefni. „Ég hygg að það sé einsdæmi hér á landi að sælkeraverslun á borð við þessa sé tengd veitingastað líkt og við gerum. Þar erum við að vinna í sama anda og hefur verið þema á veitingastaðnum á undanförunum árum, þ.e. að sýna fram á þann fjársjóð sem við eigum í matvælum hér á Eyjafjarðarsvæðinu. Við bjóðum ferskt kjöt og fisk, framleiðslu undir okkar eigin vörumerkjum og vörur sem framleiðendur hér á svæðinu vinna sérstaklega fyrir okkur í þessa verslun. Einn lykilþátturinn í versluninni er síðan

að viðskiptavinir okkar geta sótt ráðleggingar og svör við ýmsum spurningum beint til okkar matreiðslumanna á Friðriki V. Ég vil því bæði kalla þessa verslun sælkerabúð og minjagripaverslun. Hvers vegna ekki að kaupa eyfirska ostbíta eða saltfisksteik til minja um heimsókn til Akureyrar og í Eyjafjörð? Slíkt gerum við þegar við Íslendingar förum erlendis og hvers vegna ekki hér heima líka,“ spyr Friðrik Valur.

Friðrik og Arnrún eru hæstánægð með nýja staðinn og segja andann í hinu 100 ára gamla iðnaðarhúsi við Kaupvangsstræti einstakan. Sérstakur „söguveggur“ í miðju húsinu þar sem hægt er að sjá myndir frá iðnaðarstarfsemi í húsinu á liðinni öld er eitt þeirra atriða í innanhússhönnuninni sem gefa staðnum skemmtilegan blæ. Og segja má að það fari vel á því að nú taki til starfa veitingahús með áherslu á eyfirska hráefni í húsi þar sem matvæli voru unnin fyrir áratugum, bæði kjöt, mjólkurvörur, kaffi og gosdrykkir. Friðrik Valur átti stóran þátt í að stofnuð voru sérstök samtök á síðasta ári á Eyjafjarðarsvæðinu undir heitinu Matur úr héraði – Local food. Hlutverk þeirra er, eins og nafnið bendir til, að leiða saman undir einu merki bæði framleiðendur, vinnslur og veitingahús og halda þannig hinu eyfirska eldhúsi á lofti. „Við eigum náð samstarf við fyrirtæki á borð við Norðlenska og Norðurmjólk, sem landsþekkt eru fyrir kjöt- og mjólkurvörur. Einnig Ektafisk á Hauganesi en saltfiskur frá þeim hefur frá upphafi verið á matseðli okkar. Síðan förum við strax í samstarf við bændurna í Holtseli í Eyjafjarðarsveit sem eru að reyna fyrir sér í ísgerð úr eigin hráefni og svona getum við haldið áfram. Okkur finnst við lánsöm að geta staðsett okkur í hjarta matvælahéraðsins og finnum að til Akureyrar eru margir tilbúnir að koma til að upplifa eyfirska matarmenningu. Við viljum einmitt að fólk hafi þessa tilfinningu þegar það fer frá okkur. Að hér hafi það upplifað eitthvað skemmtilegt og eftirminnilegt, bæði í mat, drykk og þjónustu,“ segja þau Friðrik V. Karlsson og Arnrún Magnúsdóttir á veitingastaðnum Friðriki V í miðbæ Akureyrar.

Hjónin að baki Friðriki V

Friðrik Valur Karlsson er fæddur 25. júlí 1970 og varð 31 árs daginn sem hann opnaði veitingastaðinn Friðrik V árið 2001. Ungur að árum fór hann að reyna fyrir sér við eldamennsku í eldhúsinu hjá mömmu sinni og einnig hjá afa sínum sem var matreiðslumaður. Friðrik vann sem unglingur við kjötskurð og kjötvinnslu hjá kjötiðnaðarstöð KEA á Akureyri áður en hann hóf nám á matvælabraut Verkenntaskólans á Akureyri 1987.

Í framhaldi af því tók við matreiðslunám á Hótel Stefaníu á Akureyri undir handleiðslu Guðmundar Helga Helgasonar. Skemmtilegt er að geta þess að Guðmundur Helgi er nú orðinn starfsmaður í eldhúsinu hjá Friðriki þannig að "...nú kennir eggið hænunni," eins og Friðrik Valur orðar það skemmtilega sjálfur. Frá Hótel Stefaníu fór Friðrik til Reykjavíkur og nam matreiðslu á Hótel Holti hjá Eiríki Inga Friðgeirs-syni og Guðmundi Guðmundssyni. Þaðan fór hann í Hótel- og veitinga-skóla Íslands þar sem hann útskrifaðist árið 1993. Friðrik starfaði síðan á flestum betri veitingastöðum á Akureyri þar til þau hjón hófu eigin rekstur árið 2001. Friðrik hefur einnig skrifað pistla í dagblöð og tíma-rit, kennt matreiðslu í Verkenntaskólann á Akureyri, haldið fjöldann allan af matreiðslunámskeiðum, gert sjónvarpsþætti í bæjarsjónvarpið á Akureyri, komið fram í útvarpsþáttum og gefið út matreiðslubækur.

Arnrún Magnúsdóttir (Adda) er fædd 13. maí 1971. Hún og Friðrik kynntust árið 1987 í Verkenntaskólanum á Akureyri þar sem þau voru nemendur á matvælabraut og hann staðráðinn í að verða kokkur en hún var með áherslu á þjóninn. Síðan hefur Adda verið tengd faginu í gegnum Friðrik og allstaðar þar sem hann hefur unnið hefur hún komið og hjálpað til og gengið í flest störf, allt frá uppvaski til þjónustu og matargerðar. Á námsárum Friðriks vann Adda fyrir honum þar sem hún var m.a. verslunarstjóri í Bókabúð Jónasar Eggertssonar í Hraunbæ, Reykjavík. Eftir að þau fluttu aftur heim til Akureyrar og eignuðust tvö börn, þau Karen Ösp fædda 2. mars 1992 og Axel Fannar fæddan 24. apríl 1996, hóf Adda nám sem leikskólakennari og útskrifaðist frá Háskólanum á Akureyri árið 2000. Adda starfaði við sitt fag samhliða veitingarekstri allt þangað til í nóvember 2003. Þá snéri hún sér alfarið að veitingarekstrinum og skellti sér á skólabekk hjá Impru nýksöpunarmiðstöð í Brautargengi fyrir konur í fyrirtækjarekstri. Hún starfaði einnig sem aðjunkt á leikskólabraut við Háskólann á Akureyri árin 2004-2006.





LOSTÆTI AF MATSEÐLI FRÍÐRIKS V LÉTTREYKT BLEIKJA MEÐ SÚRMJÓLK OG ÓLAFSSÚRU

UPPSKRIFTIN ER FYRIR 4

Handfylli þurrkað lyng og
íslenskar kryddjurtir

10 g	salt
10 g	sykur
500 g	fersk, villt bleikja eða urriði
½ l	súrmjólk
10 g	fersk piparrót

Handfylli Ólafssúra (má nota hundasúra í staðinn)

Skessujurt

Sítrónusafi

Ólífulía

Hvítur pipar

Aðferð

Flakið og snyrtið fiskinn. Takið úr honum beingarðinn en látið roðið halda sér. Blandið saman salti og sykri, stráði létt yfir fiskinn og látið liggja í 20 mínútur. Setjið súrmjólkina í klút og látið hanga þannig að vökvi síst frá henni til að hún þykkni aðeins. Látið þurrkaðar kryddjurtirnar og lyngið í ofnskúffu og grind yfir. Útbúið álpappír til að loka vel. Þegar um 20 mínútur eru liðnar er tímabært að skola fiskinn létt, þerra hann, setja á ofnskúffugrindina, kveikja í þurrkuðu jurtunum og loka vel með álpappírnum. Best er að reykja þetta úti í um 10 mínútur. Rífið piparrótina, blandið saman við súrmjólkina og smakkið til. Geymið síuvökvanum og notið hann til að setja í súrusalatið á eftir. Setjið kryddaða súrmjólkina í rjómasprautu, gas í og hristið vel. Færið reykta bleikjuna upp á disk. Sprautið súrmjólkinni á diskinn og skreytið með súrusalatinu þegar þið hafið smakkað það til með sítrónusafa, góðu salti, skessujurt, ólífulíu og síuvökvanum. Til að fullkomna réttinn gæti verið gott að fara út í garð og stinga upp nýjar kartöflur, gulrætur eða rófur og bera fram með bleikjunni.



EXPO



VINEXPO

Vinexpo er stærsta vínsýning veraldar, haldin í Bordeaux annað hvert ár. Fyrir vínahugamann er að komast á Vinexpo líkt og fyrir múhameðs-trúarmann að komast til hinnar heilögu borgar Mekka.

Á þessari sýningu eru allir helstu áhrifavaldar í vínheiminum mættir til að sýna sig og sjá aðra. Vinexpo er gríðarlega stór sýning þar sem kynningar-básar eru dreifðir um þrjár sýningarhallir, en ein þeirra er þó langstærst eða um einn kílómetri að lengd. Þar er að finna bása frá öllum helstu framleiðendum áfengra drykkja hvaðanæfa að úr veröldinni. Það er því hægt að komast í að smakka flest það sem hugurinn gírnist á þessari ótrú-legu sýningu. Þar gefst tækifæri til að smakka vín sem ekki sjást á Íslandi.

En Vinexpo býður upp á margt fleira en sölumenn á básum sínum. Fjöldi fyrirlestra og smakkana er í gangi þar sem að verið er að koma á framfæri nýjustu tækni og vísindum er varða vingerð og markaðssetningu og sölu á framleiðslunni. Heilu löndin og héruðin eru að bjóða í smakkanir á því besta sem framleiðendur þeirra geta boðið upp á. Einn aðal viðburðurinn í smökkunum er til dæmis smökkun á tunnusýnum frá bestu búgörðum Bordeaux héraðs. Það er fyrir sannan vínahugamann að komast í það eins og lítið barn að vera sleppt lausu í stórrí leikfangabúð. En þetta er ekki eina áhugaverða smakkið, boðið er upp á smakk á bestu vínum Ítalíu, bestu vínum Spánar og svo framvegis.

Einnig er boðið upp á smakk þar sem þöruð eru saman góð vín og matur sem hæfir þeim vínum sérstaklega. Meira að segja var boðið í veitingatjald þjóðverja þar sem áhugasömum var boðið í morgunverð og um leið að smakka þýsk vín með margskonar mat af morgunverðarhlaðborði.

Fyrirlestrar eru haldnir um markaðssetningu á víni á netinu, hvernig glös á að nota fyrir hina ýmsu áfengu drykki, hvernig á að bregðast við síminnk-andi neyslu borðvína í Evrópu og svo framvegis. Umræðuefnin eru óþrjótandi og velt er upp öllum mögulegum hliðum vínbransans.

Eins og sjá má á þessari upptalningu hér að framan er úr gríðarlega mörgu að velja á sýningu sem þessari. Því er það algerlega nauðsynlegt að skipu-leggja tíma sinn vandlega áður en farið er á staðinn, til þess að komast yfir þá hluti sem áhugaverðastir eru. Auðvitað eru viðburðir að rekast á í tímaröðinni þannig að einn og sami maðurinn kemst ekki yfir alla skapaða hluti. Það er því nauðsynlegt að vera búinn að smíða sér stundaskrá áður en farið er af stað. Vinexpo er eins og sjá má hér að ofan ævintýraheimur fyrir alla þá er vinna við að framleiða, markaðssetja og selja vín.



Grillað á góðviðrisdegi

Undanfarna júlídaga hefur sólin hella yfir okkur geislum sínum og hitamælirinn sýnt tölur sem maður hefur ekki kynnst áður á þessu annars yndislega skeri. Sumarið skartar sínu fegursta og landinn grillar hver í kapp við annan og ná grillin varla að kólna á milli máltíða. Maður finnur grillilíminn nánast hvar sem er. Ég smitaðist, tók grillsóttina og skellti lambafille á grillið hanteruðu á tvennan hátt, villikrydduðu og barbeque-marineruðu, sem ég svo prófaði með nokkrum rauðvínunum.

Þegar velja á vín með grillmat er gott að hafa í huga hvernig kjötið er hanterað. Hafi kjötið legið í sætum barbequelegi þarf að huga að sætunni í víninu. Brennt grillbragðið getur einnig haft áhrif á tannínið í víninu. Ef ætlunin er að borða matinn undir berum himni, er betra að hafa ávöxt og mjúkt í huga og umfram allt forðast tannísk vín.

Bordeaux: Þétt meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín, með þéttan berjabláma, krydd- jarðar og lakkrístóna. Ef eitthvað rauðvín smellpassar með lambakjöti þá er það Bordeaux. Villikryddið samsvarar sér vel við kryddið í víninu, þroskuð tannínið verða enn mýkri með lambafitunni og ávöxturinn í víninu gerir þetta að himneskri máltíð. Sama vín var svo reynt með barbequemarineruðum lambavöðva, þar er meiri sæta og átti ég von á að vinið yrði fyrir einhverjum áföllum frá sætunni en svo var ekki, það var ekki fyrr en ég lét vel af sætri barbequesósu út á kjötbíta að vinið kíknaði aðeins en reis fljótt upp aftur. Rautt Bordeaux og lambakjöt það er málið.

Valpolicella Ripasso: Létt meðalfylling, þurrt og ferskt með lítil tannín. Vel þroskað, sultaður rauður ávöxtur, lauf og skógarbotn. Hér er sýran að troða sér svolítið fram, að öðru leiti er vinið gott með villikryddaða lambinu en nær ekki sömu hæðum og Bordeauxvinið. Að öreyndu hefði ég haldið að vinið hentaði með barbequelambinu, en raunin varð önnur, reyndar var eintakið sem ég var með eldra en ég hefði kosið og kann það að vera ástæðan.

Rioja Crianza: Létt meðalfylling, þurrt, ferskt með mjúk tannín. Þroskaður rauður ávöxtur, hindber, brómber, vanilla. Sveitalegur karakter, eikartónar og krydd, gæla við villikryddaða lambið, rétt eins og ég átti von á. Vinið slær hátt upp í Bordeauxvinið. Með barbequelambinu virkar vinið einnig vel sem sannar enn og aftur hve fjölbátt Rioja vínin eru. Rioja vín hafa verið í uppáhaldi hjá mér þegar lamb er annars vegar, en ég verð að viðurkenna að Bordeaux vinið hafi vinninginn.

Cotes du Rhone: Meðalfylling, þurrt, milt með hörð tannín. Rauður berja ávöxtur. Yfir höfuð eru vín frá Cotes du Rhone góð með lambakjöti, en þetta eintak hefur hörð tannín sem gerir vinið pirrandi hart með lambinu, með barbequelambinu bætist beiskja við harðindin. Þó þetta eintak hafi ekki skilað mikilli gleði, þá þýðir það ekki að vín frá þessu héraði séu ekki góð með mat. Öll vín eiga sér sinn stað og sína stund, þetta vín var bara á röngum stað á röngum tíma.

Cabernet Sauvignon frá Chile: Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Sólber, lauf, mintu og eikartónar. Þetta eintak var aðeins of kalt og varð því tanniskara fyrir bragðið. Vín úr Cabernet Sauvignon henta annars yfir höfuð vel með lambakjöti. Með því að ylja víninu aðeins í greipum mér tókst að gera það matarvænna og sæmði það sér þökkalega með villi-

kryddaða lambinu, og enn betur með barbequelambinu. Álitlegur kostur með grilli.

Næst voru tvö shirazvín frá Ástralíu prófuð

Ódýr Shiraz frá Ástralíu: Meðalfylling, höfugt, þurrt og súruríkt, með lítil tannín og dökkan kryddaðan ávöxt. Útaf fyrir sig ágætt vín en þetta sannfærir mig ekki um að Shiraz henti með lambi. Það er kannski þess vegna sem maður sér ekki Shiraz frá Nýja-Sjálandi. Vinið hafði ekkert að gera með hvorugum lambaréttinum. Hálfgerð bjakk.

Króftugur dýr Shiraz frá Ástralíu: Mikil þétt fylling, þurrt, milt, mikil þroskuð tannín með öflugum sólberja, mintu og eikartóna. Þetta var margfalt betra vín, en kannski ekki óskavinið með lambi. Full öflugt og valtaði yfir lambið. Ég hef hinsvegar bragðað þetta sama vín með nautakjöti og villibrað, þar er svona vín á heimavelli, en með rollu út á túni, gleymið því.

Cabernet Sauvignon Shiraz blanda frá Suður-Afríku: Mjúk meðalfylling, þurrt og ferskt, mjúk tannín. Sultaður rauður ávöxtur, jörð, kakó, tóbak. Suður-afískt vín heilla marga en sumir þola þau ekki og má þar kenna moldar, jarðar og tóbaks einkennum sem oft eru áberandi í vínunum þaðan. Þetta vín steinlá með lambinu og sérstaklega þá barbequelambinu, hér var það mjúkur, sultaður ávöxturinn sem gerði gæfumuninn.

Þó ég hafi ekki verið hrifinn af áströlsku vínunum hér að ofan þá vil ég benda á að blöndur úr Cabernet Shiraz henta yfir höfuð vel með grillmat. Svo á reyndar einnig við um mörg önnur vín sem ég hef ekki fjallað um hér, en í því vörðvali sem vinnubúðirnar bjóða uppá ættu allir að geta fundið vín við sitt hæfi og til þess að geta fundið það með aðstoð starfsfólks vinnubúðanna er mikilvægt að þekkja sinn eigin smekk.

Að lokum prófaði ég einn af þessum ávaxtagrillbökkum sem fást í sumum matvöruverslunum. Þessir bakkar sem eru með mismunandi blöndum af ávöxtum og jafnvel kókosbollum eru ætlaðir til að setja á grillið og hita upp, en við það kemur sætan meira fram í ávöxtunum. Með einum slíkum hafði ég Moscato d'Asti, lágrfeyðandi, sætt hvítvín. Sumarlegt vín sem spriklar af gleði og gælir við tunguna með mjúkum kolsýrubólum og sætum Moscato þrúgukeim, lágt alkóhólið gerir vinið enn betur til þess fallið að takast á við ávextina. Frábær samsetning, nammi namm. Það mætti halda að ég hafi valið þetta vín sjálfur.

Þetta var góður endir á annars skemmtilegu og lærdómsríku smakki á mat og víni. Þá er ekkert annað eftir en að setjast út í kvöldsólinu og horfa á hana ganga til viðar. Gott glas af ísköldu kaldárvatni með sítrónusneið hreinsar og hressir svo góminn eftir undangengin átök kvöldsins.



Páll Sigurðsson vinnráðgjafi



Skúli Þór Magnússon
Löggiltur prófdómari WSET á Íslandi

Vínskóli vínbúðanna og WSET

Vínbúðirnar hafa undanfarin ár rekið vínskóla hugsaðan til að auka vörubekkingu starfsmanna í þeim tilgangi að geta frætt og þjónað viðskiptavinum enn betur. Skólinn hefur kennt þrepaskipt námskeið fyrir starfsmenn, nú alls 4 námskeið. Þessi námskeið eru rökrétt framhald hvert af öðru, allt til þess að auka þekkingu starfsmanna á vörunni stig af stigi. Nú síðastliðið vor hlotnaðist Vínskólanum mikill heiður, þegar einn virtasti vínskóli heims, WSET í London, viðurkenndi vínskóla vínbúðanna sem einn af þeim vínskólum í veröldinni sem væri hæfur til þess að kenna svokallað Advanced námskeið þeirra. Þetta er staðfesting fyrir vínskólann á að kennsla og öll aðstaða til hennar er á heims-mælikvarða og að vínbúðirnar hafa nú innan sinna vébanda vínsérfræðinga sem hafa þekkingu til að annast alþjóðlega viðurkennd námskeið.

WSET eða Wine and Spirit Education Trust var stofnaður árið 1969 í þeim tilgangi að bjóða upp á menntun og starfsþjálfun í öllu er viðkemur borðvínnum og eimuðum drykkjum. Síðan hefur WSET vaxið og er í dag ein af fremstu menntastofnunum heims af fjalla um vín. WSET býður upp á margskonar námskeið fyrir byrjendur og lengra komna. Efta stig vínfræðslunnar er það

sem kallað er Diploma í Wines and Spirits. Sú gráða telst meðal þeirra merkustu í vínheiminum í dag og þeir sem hafa nú þegar útskrifast með þessa gráðu hafa stofnað með sér félagsskap sem kallast Institute of Wines and Spirits.

WSET starfar nú með fjölda viðurkenndra námskeiðshaldara um allan heim, á þann hátt að WSET fer og leggur mat á alla umsækjendur sem vilja kenna þeirra efni. Þetta er strangt ferli sem viðkomandi námskeiðshaldari verður að fara í gegnum. Vínbúðirnar sóttu um að fá að kenna efni WSET og þurftu því að fara í slíka úttekt sem námskeiðshaldari. Hingað kom því fulltrúi frá WSET til þess að meta það hvort að Vínskóli Vínbúðanna væri hæfur til þess að kenna þeirra efni. Óskað var eftir því að fá að kenna námsefni sem er næstefsta stig WSET eða svokallað Advanced Certificate in Wines and Spirits. Í framhaldi samþykkti WSET vínskóla vínbúðanna sem fullgildan kennsluaðila á þeirra efni. Þar með hefur Vínskóli vínbúðanna bæst í hóp fjölda viðurkenndra kennsluaðila á efni WSET um allan heim.

Allt kennsluefni frá WSET er á ensku en fyrirlestrar og smökkunaræfingar fara fram á íslensku. Nemendur þreyta að lokum staðlað próf frá WSET í London og verða nemendur í vínskóla vínbúðanna því að sýna fram á góða þekkingu, bæði í vínfræðunum og einnig í ensku, þar sem prófið er alþjóðlegt og gefur þeim sem útskrifast ákveðinn alþjóðlegan stimpil. Nú þegar hafa átta starfsmenn vínbúðanna lokið þessari alþjóðlegu gráðu frá WSET.



Júlíus Steinarsson,
er einn af vinnráðgjöfum vínbúðanna.

Pantaðu vínið þitt

Mikið er lagt upp úr fjölbreyttu vöruúrvali í vínbúðum og nú fást þar vín frá öllum heimshörnum. Í hillunum eru ágætir fulltrúar helstu vínhéraða í heimi. Oft koma óskir um önnur vín en til eru í vínbúðunum og höfum við sérpantað slík vín fyrir þá sem óska eftir því. Við könnum hvort vínið sé til hjá innflytjanda og ef svo er, þá pöntum við tegundina og sendum hana í umbeðna vínbúð. Auðvelt er að nálgast vínið þar og er enginn aukakostnaður lagður á sérpantanir. Ef þú finnur ekki þína tegund í vínbúðinni þinni, ekki hika við að kanna hvort við getum sérpantað tegundina fyrir þig, en þú getur einnig sent tölvupóst á veislugin@vinbud.is.



Í ÞÍNUM HÖNDUM

Hafið er matarkistan okkar og nátengt ímynd landsins. Við viljum halda hafinu og ströndum Íslands hreinum og ómengduðum um ókomna tíð. Á því veltur framtíð okkar, velferð og sjálfsvirðing.

Máltækið „lengi tekur hafið við“ á ekki að eiga við um sorp og ýmis hættuleg efni sem geta borist í hafið af mannavöldum.

VÍNBUÐ
lífur, lærum & njótum



Starfsfólk nýju Vínbúðarinnar í Skeifunni

Tvær nýjar vínbúðir

Tvær nýjar vínbúðir voru opnaðar í byrjun sumars og þar með eru vínbúðirnar orðnar 47 talsins um land allt. Í Skeifunni opnaði björt og glæsileg verslun og á Hellu var opnuð notaleg verslun í kjarna bæjarins.

Í Vínbúðinni Skeifunni er mikið lagt upp úr góðu aðgengi, enda næg bílastæði beint fyrir framan innganginn. Afgreiðslutími vínbúðarinnar er lengri en í flestum vínbúðum, en virka daga er opið frá klukkan 9 á morgnana til klukkan 20 á kvöldin. Á laugardögum er sami afgreiðslutími og í öðrum vínbúðum á höfuðborgarsvæðinu, frá klukkan 11 til 18. Búðin er mjög rúmgóð, og auk þess er þar bjórkælir, sem gleður margan viðskiptavininn, enda þægilegt að getað keypt kalt vín eða bjór á leiðinni í matarboðið! Viðtökur viðskiptavina voru vonum framar, en að


sögn Regínu Arngrímsdóttir verslunarstjóra eru viðskiptavinir afar ánægðir með nýju vínbúðina og þá sérstaklega aðgengið og staðsetninguna. Starfsfólkið er jafnframt mjög ánægt enda um að ræða bjarta og skemmtilega vínbúð.

Á Hellu var einnig opnuð vínbúð í júní. Búðin er afar skemmtileg og notaleg, en gengið er inn í vínbúðina innaf verslunni Kjarval. Mikil ánægja er með verslunina, enda langþráður draumur margra bæjarbúa orðinn að veruleika. Verslunarstjóri vínbúðarinnar er Elín Svansdóttir, en afgreiðslutíminn er mánudaga - fimmtudaga frá klukkan 14 til 18 og föstudaga 14 til 19.

Við bjóðum viðskiptavinum okkar velkomna í nýjar vínbúðir.

Hvað drekka Íslendingar í dag?

Gissur Kristinsson vínráðgjafi



Það er forvitnilegt að skoða hver þróunin hefur orðið í sölu á áfengum drykkjum á Íslandi undanfarin ár. Þar er mesta breytingin í neyslumynstrinu að verða í neyslu bjórs. Sala hefur aukist jafnt og þétt síðustu árin, en aukningin milli árana 2005 og 2006 var til dæmis um 8%. Bjór er orðinn lang stærsti hluti heildarsölu vínbúðanna í áfengum drykkjum. Árið 2006 voru seldir 14.408.956 lítrar af bjór í vínbúðum sem eru 78,04% af heildarsölu fyrirtækisins. Skiptingin á þessu magni milli innlands og innflutts bjórs er 64% íslenskur bjór og 36% innfluttur.



Bjórinn er ekki eini drykkurinn með mikla aukningu heldur því léttvín hafa einnig tekið mikinn kipp. Þar fer fremst í flokki rauðvín en sala rauðvíns á síðasta ári nam 1.790.920 lítrum sem er rétt tæplega eins prósentustigs aukning milli ára. Sala á rauðvíni hefur verið að aukast gríðarlega á undanförunum árum og til dæmis má nefna að salan í rauðvíni var árið 1998 rétt um 700.000 lítrar og hefur því aukist um rúma milljón lítra síðan þetta var. Það sama hefur verið að gerast í sölu hvítvíns, en á síðasta ári seldust 810.961 lítrar af hvítvíni í vínbúðum. Sala hvítvíns var rétt um 300.000 lítrar árið 1998 og hefur því á þessu árabili aukist um hálfa milljón lítra.

Á sama tíma hefur sala á brenndum áfengum drykkjum verið að dragast saman í heildina. Vodka, gin, koníak, viskí og margskonar snafsar hafa dalað í sölu á meðan bjórinn og léttvínin hafa verið að ná sífellt meiri sölu. Á síðasta ári var skipting söluunnar hjá vínbúðunum þannig að bjórinn var 78% af söluinni, léttvín og styrkt voru 18,13% og því það sterka eða brennda einungis um 3,83% af heildarsölu í lítrum talið.

Af þessari samantekt hér að ofan má vera ljóst að drykkjuvenjur Íslendinga hafa breyst gríðarlega á síðustu tveimur áratugum. Fyrsta og stærsta breytingin var að sjálfsögðu þann 1. mars 1989 þegar almenn sala bjórs var leyfð á Íslandi. Líklega má segja að það hafi verið ótrúlegt að þetta skyldi ekki vera leýft fyrr, þar sem að á þessum tíma mátti selja aðra áfenga drykki. En um leið og sala bjórs var leyfð varð stökkbreyting á neyslumynstrinu hér á landi. Stór hluti sölu vínbúðanna færðist yfir í bjór. Áfengisneysla hér á landi hefur lengi verið mæld í alkóhóllítrum á mann og hefur sú tala verið að hækka hægt og sígandi á þessum tveimur áratugum sem liðnir eru frá því að bjórinn var leyfður. Síðustu ár hefur rósavínssala staðið í stað á Íslandi öfugt við það sem hefur verið að gerast í öðrum löndum Evrópu. Á meðan rósavínssala hefur verið einskonar tískufyrirbrigði í Evrópu þá höfum við haldið að okkur höndum hér á landi. Sala rósavíns hefur haldist nær óbreytt á milli ára síðustu 10 árin. Tvær tegundir áfengra drykkja spila stórt hlutverk í umfjöllun um breytta drykkjusiði Íslendinga. Gosblöndur og ákveðnir snafsar hafa tekið stökk í sölu á meðan styrkt vín eins og portvín og sérri hafa dalað í sölu. Líklega eru það merki um að nýjar kynslóðir eru að koma inn sem viðskipta-

vinir vínbúðanna, en það eru jú yngri viðskiptavinir vínbúðanna sem kaupa gosblöndurnar og snafsana á meðan það eru aðallega þeir eldri sem kaupa styrktu vínin.

Aukningin í léttvínssölu hefur verið mikil, eins og áður sagði, og það er mjög forvitnilegt að skoða hvernig skiptingin er milli framleiðslulanda. Hvað hvítvínið varðar hefur Frakkland verið söluhæst þangað til fyrir um tveimur árum þegar hvítvín frá Ástralíu og Þýskalandi ruku upp fyrir Frakkana í sölu. Þýsku vínin sem oftast eru eilítið sæt hafa alla tíð selst vel hér á landi. Ástralir eru nú einnig með í toppsölu eilítið sætt vín, en þeir hafa ekki áður átt vín í slíkri toppsölu. Það því orðið ljóst að það eru sætu hvítvínin sem flestir viðskiptavinir vínbúðanna vilja drekka. Þetta kemur reyndar heim og saman við að mest selda freyðivínið er vel sætt og kemur frá héraðinu Asti í Ítalíu. Hægt er að segja að þessi þróun sé mjög eðlileg hjá þjóð sem er að stíga fyrstu skrefin í almennri léttvínssölu, en það er þekkt staðreynd að við þróum smekk okkar frá ávaxtaríkum og jafnvel sætum vínum, á yngri árum, yfir í þurrari og kraftmeiri krydduð vín á efri árum.



Ef við síðan lítum á rauðvínin þá voru Frakkarnir á toppnum árið 2000 en árið 2002 fór verulega að síga á ógæfuhliðina hjá þeim. Þá náði Chile þeim í sölu magni. Síðan hefur rauðvínssala Frakka verið að síga niður á við og í dag eru nokkrar þjóðir sem selja mun meira magn en þeir. Eftir á sölu á rauðvínunum eru í dag tvær þjóðir sem eru að selja svipað magn, rúmlega 350.000 lítra á ári, en það eru Chile og Ástralía. Næstir á eftir koma svo Spánverjar og Ítalir. Þannig má líta svo á að frægðarsól þeirrar þjóðar sem framleiðir mest af öllum og meira af hágæða vínum en nokkur önnur, virðist vera á hraðri niðurleið.

Neysla Íslendinga er að breytast og smekkurinn mun auðvitað gera það eftir því sem að við kynnumst fleiri vínum og þróum með okkur smekk fyrir nýju bragði og breyttum matar- og drykkjarvenjum. Hér á ofar á síðunni má sjá sölutölur yfir söluhæsta drykkina í hverjum flokki vína á árinu 2006.

MEST SELDU VÍNIN 2006

Rauðvín / kassavín

Drostdy-Hof Cape Red	1
Rosemount Shiraz Cabernet	2
Frontera Cabernet Sauvignon	3
Pasqua Cabernet Merlot Venezia	4
Solaz	5
Lindemans Shiraz Cabernet	6
Gato Negro Cabernet Sauvignon	7
Robertson Cabernet Sauvignon	8
Le Cep Chilean Cabernet Sauvignon	9
Sunrise Cabernet Sauvignon	10
Tabiso Shiraz	11
J.P. Chenet Cabernet Syrah	12
Le Cep Merlot	13
Jean-Claude Pepin Herault	14
Bodegas Hijos de Alberto Gutierrez	15
Wilderness Estate Shiraz	16
Two Oceans Shiraz	17
La Habanera Tempranillo	18
Vina Maipo Cabernet Sauvignon	19
JeanJean Merlot	20

Rauðvín / flöskur

Montecillo Crianza	1
Boomerang Bay Cabernet Shiraz	2
El Coto Crianza	3
Sunrise Cabernet Sauvignon	4
Concha y Toro Sunrise Merlot	5
Gato Negro Cabernet Sauvignon	6
Lindemans Cawarra Shiraz Cabernet	7
Masi Campofiorin	8
Yellow Tail Shiraz	9
Yellow Tail Merlot	10
Coto de Imaz Reserva	11
Canepa Cabernet Sauvignon	12
Drostdy-Hof Cabernet Sauvignon	13
Rosemount Shiraz	14
Peter Lehmann GSM	15
Peter Lehmann Cabernet Sauvignon	16
Tommasi Valpolicella Rafael	17
Yellow Tail Cabernet Sauvignon	18
Delicato Merlot	19
Montes Cabernet Sauvignon	20

Brennd vín og styrkt

Smirnoff	1
Harveys Bristol Cream	2
Finlandia	3
Captain Morgan Spiced Rum	4
Bacardi Carta Blanca	5
Cortel Napoleon VSOP	6
Koskenkorva	7
Beefeater	8
Cockburn's Special Reserve	9
Tópas Vodka	10
Bailey's	11
Campari Bitter	12
Gordon's	13
Camus VSOP Elegance	14
Stolichnaya	15
Opal Vodka	16
Amarula Cream	17
Brennivín	18
Tanqueray	19
The Famous Grouse	20

Hvítvín, rósavín / flöskur

Rosemount GTR	1
Ars Vitis Riesling	2
Guntrum Riesling Royal Blue	3
Concha y Toro Sunrise Chardonnay	4
Jacob's Creek Chardonnay	5
Riunite Blush Bianco	6
Rosemount Chardonnay	7
Hochheimer Daubhaus	8
Carlo Rossi California Rose	9
Rosemount Semillon Chardonnay	10
Torres Vina Esmeralda	11
Bolla Pinot Grigio	12
Montes Chardonnay Reserve	13
Lindemans Cawarra	14
Peter Lehmann Wildcard Chardonnay	15
El Coto Rioja	16
La Chablisienne Petit Chablis	17
Turning Leaf Chardonnay	18
Dr. Loosen Riesling	19
Villa Antinori	20

Hvítvín, rósavín / kassavín

Drostdy-Hof Steen	1
Guntrum Riesling	2
JCP Herault Blanc	3
Rosemount GTR	4
Moselland Riesling Kabinett	5
Two Oceans Sauvignon Blanc	6
Pearly Bay Cape White	7
Concha y Toro Frontera Chardonnay	8
Lindemans Chardonnay	9
Vina Maipo Chardonnay	10
Mosel Gold Riesling	11
JCP Herault Blanc	12
Pasqua Chardonnay Garganega	13
Devil's Rock Riesling	14
Concha y Toro Sunrise Chardonnay	15
Gato Blanco Sauvignon Blanc	16
Green Gold	17
Two Oceans Fresh & Fruity	18
Wilderness Estate Sem Chard	19
Dr. Loosen Bros Riesling	20

Bjór 500 ml dósir

Víking	1
Víking Lite	2
Thule	3
Tuborg	4
Carlsberg	5
Egils Gull	6
Faxe Premium	7
Tuborg Gold	8
Egils Lite	9
Heineken	10
Egils Pilsner	11
Víking Lager	12
Bavaria	13
Víking Sterkur	14
Egils Sterkur	15
Beck's	16
Egils Premium	17
Faxe Royal	18
Budweiser Budvar	19
Foster's	20



Vöruskrá

gildir í ágúst 2007

RAUÐVÍN

Tegundir sem eru merktar **R** á undan vörunúmeri, eru í reynslusölu og fást aðeins í Vínbúðinni Heiðrunu og Kringlunni. Vörur sem merktar eru **S** á undan vörunúmeri, eru í sérflökki og fást víða í vínbúðum.

Argentína

Argentína er eitt mesta vínframleiðsluland heims. Útflutningur hefur verið að aukast undanfarin ár og er mestur í vínunum gerðum úr rauðu þrúgunum malbec og cabernet sauvignon.

🍷 Cabernet Sauvignon.

Argentínumenn rækta gríðarlegt magn af þessari þrúgutegund. Garðarnir eru gjarnan í mikilli hæð yfir sjávarmáli sem tryggir ferskara sýrustig vínanna. Þetta eru gjarnan evrópskari vín en mörg önnur vín Nýja-Heimsins.

05093	Alamos Cabernet Sauvignon	750 ml	14%	1.290 kr.
🍷🍷🍷🍷	Dökkirsuberjarautt. Þétt meðalfylling, þurrt og milt með þroskuð tannín, bökud sólber, kirsuber og eikartónar.			
R 12059	Catena Alta Cabernet Sauvignon	750 ml	13%	3.290 kr.
🍷🍷🍷🍷	Dimmkirsuberjarautt. Þétt fylling, þurrt, ferskt, mjúk tannín. Þroskaður dökkur ávöxtur, kryddaðir sveita og skógartónar			
R 10631	Cristobal Cabernet Sauvignon 1492	750 ml	13,5%	1.590 kr.
🍷🍷🍷🍷	Rúbínrautt. Mjúk fylling, þurrt og ferskt með lítil þurrkandi tannín, keim af lyngi og rauðum berjum.			
R 10668	Finca Flichman Misterio Cabernet Sauvignon	750 ml	13,5%	1.090 kr.
🍷🍷🍷🍷	„Dökkubínrautt. Meðalfylling, þurrt og ferskt með þroskuð tannín; léttan ávöxt og eikartón.“			
10930	Funky Llama Cabernet Sauvignon	187 ml	13%	340 kr.
🍷🍷🍷	Kirsuberjarautt. Létt meðalfylling, þurrt og ferskt með lítil tannín. Lyng, skógarber.			
10726	Funky Llama Cabernet Sauvignon	750 ml	13%	990 kr.
🍷🍷🍷🍷	Múrsteinsrautt. Meðalfylling, þurrt og milt, með lítil tannín og sætkenndan ávöxt.			
R 09297	Kaiken Cabernet Sauvignon	750 ml	14%	1.190 kr.
🍷🍷🍷🍷	Dökkmúrsteinsrautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt með miðlungs tannín, þéttan berjarauda og kryddkennda jarðartóna.			
R 10278	La Chamiza Cabernet Sauvignon	750 ml	14%	990 kr.
🍷🍷🍷🍷	Dökkirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, milt og höfugt með lítil þroskuð tannín og þéttan berjaávöxt.			
10277	La Chamiza Cabernet Sauvignon Reserve	750 ml	13,5%	1.190 kr.
🍷🍷🍷🍷	Dökkubínrautt. Þétt fylling, þurrt og ferskt með þroskuð tannín. Dökk ber, krydduð eik.			
09454	Norton Cabernet Sauvignon	750 ml	13,5%	1.050 kr.
🍷🍷🍷🍷	Kirsuberjarautt. Meðalfylling. Þurrt og ferskt með lítil tannín berjabláma og hratkennða tóna.			
09461	Norton Cabernet Sauvignon Reserve	750 ml	14%	1.390 kr.
🍷🍷🍷🍷	Dökkirsuberjarautt. Góð fylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Með dökkan ávöxt mintu og eikartóna.			
10731	Tango Sur Cabernet Sauvignon	750 ml	13%	1.090 kr.
🍷🍷🍷🍷	Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt og ferskt, með þroskuð tannín og eillitíð súran og rauðan berjakleim.			
R 08663	Trapiche Astica Cabernet Sauvignon	750 ml	13%	990 kr.
🍷🍷🍷🍷	Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín með léttan sætkenndan berjarauda.			
10677	Trivento Cabernet Sauvignon Reserve	750 ml	13,5%	1.190 kr.
🍷🍷🍷🍷	„Dökkubínrautt. Meðalfylling, þurrt og ferskt með lítil þroskuð tannín; eik, sólber og rauðan ávöxt.“			

🍷 Malbec

Sérstaða argentínskra vínframleiðenda, í harðri samkeppni á heimsmarkaði, hefur verið fólgin í vínunum úr þessari þrúgutegund. Vínin eru yfirleitt kjarnmikil og góð matarvín.

S 10952	Achaval Ferrer Finca Altamira	750 ml	13%	6.370 kr.
🍷🍷🍷🍷	Dimmfjólublátt. Meðalfylling, þurrt og súruríkt með þroskuð tannín, finlegan og kröftugan ávaxta og eikarkeim. Þarf tíma			
05095	Alamos Malbec	750 ml	14%	1.290 kr.
🍷🍷🍷🍷	Dökkubínrautt. Mjúk meðalfylling, þurrt, milt með lítil þroskuð tannín, sætkenndan ávöxt og blómlega jarðartóna.			
R 10897	Antis Malbec	750 ml	13,5%	1.470 kr.
🍷🍷🍷🍷	Kirsuberjarautt. Mjúk meðalfylling, þurrt og ferskt með þurrkandi tannín og súran berjarauda.			
R 10475	Black River Malbec	750 ml	13,5%	1.190 kr.
🍷🍷🍷	„Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt og ferskt með mikil þroskuð tannín; dökkir jarðkenndir ávaxtatónar.“			
R 12085	Catena Alta Malbec	750 ml	13,9%	3.690 kr.
	Dimmrúbínrautt. Þétt fylling, þurrt, ferskt, mikil þroskuð tannín með þéttan og margslunginn berjabláma og ristaða eik.			
R 05087	Catena Malbec	750 ml	14%	1.790 kr.
🍷🍷🍷🍷	Rúbínrautt. Meðalfylling, þurrt og ferskt með þroskuð tannín, þéttan berjabláma, krydd og jarðartóna.			
R 10630	Cristobal Malbec 1492	750 ml	13,5%	1.590 kr.
🍷🍷🍷🍷	Fjólurautt. Meðalfylling, þurrt, milt, lítil tannín með hratkennndan bláberja og skógarkeim.			
S 11005	Dona Paula Seleccion de Bodega Malbec	750 ml	14%	3.050 kr.
🍷🍷🍷🍷	Dökkubínrautt. Þétt meðalfylling, þurrt og ferskt, höfugt með þroskuð tannín, þéttan berjabláma, krydd og eikartóna.			
R 10669	Finca Flichman Misterio Malbec	750 ml	13,5%	1.090 kr.
🍷🍷🍷🍷	„Rúbínrautt. Mjúk meðalfylling, þurrt og ferskt með þroskuð tannín; bláber og mildir eikartónar.“			
R 10735	Fincas Don Martino Violetas Malbec	750 ml	13%	1.890 kr.
🍷🍷🍷🍷	„Dimmrúbínrautt. Þétt fylling, þurrt og súruríkt, með þroskuð tannín; mjúkur berjakjarni, mintu og eik.“			
10727	Funky Llama Malbec	750 ml	13%	990 kr.
🍷🍷🍷🍷	Rúbínrautt. Létt meðalfylling, þurrt og milt, þroskuð tannín með hratkennndan rauðan berjaávöxt.			
R 09296	Kaiken Malbec	750 ml	14%	1.190 kr.
🍷🍷🍷🍷	Dökkubínrautt. Þétt fylling, þurrt og ferskt með þroskuð tannín, sætsultaðan berjabláma og léttkryddaðan eikartón.			
09486	Norton Malbec	750 ml	13,5%	1.050 kr.
🍷🍷🍷🍷	Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Með dökkan skógarberjatón.			
09497	Norton Malbec Reserve	750 ml	14%	1.390 kr.
🍷🍷🍷🍷	Dökkubínrautt. Þétt fylling, þurrt og milt þroskuð tannín. Sætkryddaður berjaraudi.			
R 09544	Santa Lucia Malbec	750 ml	13,5%	1.390 kr.
🍷🍷🍷🍷	Dökkirsuberjarautt. Létt meðalfylling, þurrt, ferskt með þroskuð tannín, léttan blómlegan rauðan ávöxt og kryddkeim.			

10733 **Tango Sur Malbec** 750 ml 13% 1.090 kr.
Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt og milt, með þroskuð tannín og jarðkenndan skógarberjakeim.

Merlot

Þessi franska þrúgutegund er orðin nokkuð algeng í Argentínu. Merlot þrúgan skilar yfirleitt af sér eillítið léttari og ávaxtaríkari vínunum en t.d. Cabernet Sauvignon.

R 10477 **Black River Merlot** 750 ml 13,5% 1.290 kr.
Rúbínrautt. Létt fylling, þurrt og ferskt með þurrkandi tannín, jarðkennda papríku og berjatóna.

Syrah

Hér er á ferðinni þrúgutegund sem upprunalega kemur frá Rónardal í austur hluta Frakklands. Einkenni þessarar þrúgutegundar er oftast góð blanda af sætum ávexti og kryddum eins og t.d. pipar.

10725 **Funky Llama Shiraz** 750 ml 13% 990 kr.
Rúbínrautt. Meðalfylling, þurrt og ferskt, þroskuð tannín með sætkenndan berjabláma.

10279 **La Chamiza Shiraz Reserve** 750 ml 13,5% 1.190 kr.
Dökkúbínrautt. Þétt meðalfylling, þurrt og ferskt með miðlungstannín. Berjablámi, létt eik, karamella.

10732 **Tango Sur Shiraz** 750 ml 13% 1.090 kr.
Kirsuberjarautt. Meðal fylling, þurrt og ferskt, með þroskuð tannín, sælgætiskennndan berjabláma og kryddtóna.

R 07036 **Trivento Syrah** 750 ml 13,5% 990 kr.
Dökkúbínrautt. Þétt meðalfylling, þurrt og ferskt með lítil þroskuð tannín, sætan ávaxtaríkan berjabláma og jurtakrydd.

Blöndur

R 07349 **Alta Vista Alto** 750 ml 13,9% 5.500 kr.
„Dökkmúrsteinsrautt. Þétt fylling, þurrt og sýruríkt með mikil tannín; þroskaðan laufkenndan ávöxt, sveit og krydd.“

10777 **Amalaya de Colome** 750 ml 14% 1.290 kr.
Dimmrúbínrautt. Mikil fylling, sætuvatgur, ferskt, mikil tannín. Plóma, hindber, jurtakrydd, kröftugt bragð.

R 10476 **Black River Merlot-Pinot Noir** 750 ml 13,5% 1.190 kr.
Dökkkirsuberjarautt. Stöm fylling, þurrt og milt með mikil þurrkandi tannín. Þroskaður ávöxtur, laufkennt.

R 10708 **Quimera Achaval Ferrer** 750 ml 13,5% 3.370 kr.
„Dökkfjólurautt. Þétt fylling, þurrt og sýruríkt með með mikil þroskuð tannín; plóma, hey, vanilla og súkkulaðitónar.“

R 07796 **Trapiche Astica Merlot Malbec** 750 ml 12,5% 990 kr.
Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín með léttum laufkenndum berjarauða.

08362 **Trivento Cabernet-Merlot** 750 ml 13% 990 kr.
„Ljósirsuberjarautt. Létt meðalfylling, þurrt og ferskt með lítil tannín; léttur rauður ávöxtur, jörð, skógartónar.“

07033 **Trivento Reserve Cabernet Malbec** 750 ml 13,5% 1.190 kr.
Dökkúbínrautt. Þétt fylling, þurrt og ferskt með þroskuð tannín, dökkan ávöxt, plómur, kirsuber og létt eik.



Austurríki

Austurríki er eitt af hinum rótgrónu vínframleiðslulöndum í Mið-Evrópu. Austurríkismenn eru þekktastir fyrir framleiðslu á hvítum vínunum, en þeir framleiða þó einnig mjög frambærileg rauðvín. Það sem er áhugaverðast við rauðvinsframleiðslu landsins eru þrúgurnar Blaufränkisch og Zweigelt sem eru sjaldséðar.

R 10242 **Kollwentz Blaufränkisch vom Leithagebirge** 750 ml 13,5% 1.930 kr.
Dökkúbínrautt. Meðalfylling, ferskt, með mjúk tannín, dökkan grösugan kryddkeim, skógarberja- og eikartóna.

10243 **Kollwentz Eichkogel** 750 ml 13,5% 2.590 kr.
Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt og ferskt, þroskuð tannín. Rauð ber, pómur, eik, vanilla.



Astralía

Áströlsk vín eru oft mjúk og ávaxtarík. Helstu þrúgurnar eru Shiraz og Cabernet Sauvignon. Sökum stærðar landsins eru ræktunarskil-yrði mjög mismunandi og borðvín álfunnar því heillandi og fjölbreytileg.

Cabernet Sauvignon

Þrúgan er einkennisþrúga öflugra rauðra vína. Cabernet sauvignon gefur af sér vín sem einkennast af kröftugri uppbyggingu, krydd-, jurta-, sólberja- og kúrenutönunum. Í Ástralíu má gjarnan finna ilm af eucalyptus í þessum vínunum.

09203 **Jindalee Cabernet Sauvignon** 750 ml 13,5% 1.190 kr.
Dökkkirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, sýruríkt, þroskuð tannín með sælgætiskennndan ávöxt og eukalyptus.

06488 **Lindemans Bin 45 Cabernet Sauvignon** 750 ml 13,5% 1.290 kr.
Dökkkirsuberjarautt. Góð fylling, þurrt, mild sýra og miðlungs tannín. Með sætan, bakaðan ávöxt og lakkriskeim.

03496 **Rosemount Cabernet Sauvignon** 750 ml 14% 1.390 kr.
Dimmfjólurautt. Bragðmikið, ferskt, ávaxtaríkt, með berja og kryddkeim. Nokkur stemma.

R 12002 **Wolf Blass Eaglehawk Cabernet Sauvignon** 750 ml 13,5% 1.190 kr.
Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín með sætkenndan dökkan berjakeim.

05128 **Yellow Tail Cabernet Sauvignon** 750 ml 14% 1.290 kr.
Dökkfjólublátt. Góð fylling, mjúkt með sætkrydduðum ávexti.

Merlot

Mjúk, ávöxtur og jarðvegstónar eru einkenni merlot þrúgunnar. Í Ástralíu þar sem þrúgan nær yfirleitt miklum þroska, verða þessi vín gjarnan sultukennd og silkimjúk.

10107 **Boomerang Bay Merlot** 750 ml 13,5% 990 kr.
Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, mjúk tannín, með sultuðum og krydduðum ávexti.

09202 **Jindalee Merlot** 750 ml 13,5% 1.190 kr.
Dökkkirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín, með sætkenndan berjarauða, jarðar og kryddtóna.

07122 **Rosemount Merlot** 750 ml 14% 1.390 kr.
